

Náttúrufræðistofnun Íslands  
Urriðaholtsstræti 6-8 Pósthólf 125  
212 Garðabær

Vestmannaeyjum 16. maí 2018  
UST201804-163/P.V.B.  
09.05.01

### **Efni: Umsókn um leyfi - Líffræðileiðangur til Surtseyjar 2018**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Borgþórs Magnússonar, Náttúrufræðistofnun Íslands, dagsett 13. apríl 2018 þar sem óskað er eftir fararleyfi til Surtseyjar fyrir árlegan leiðangur vísindamanna 16.-19. júlí 2018.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins í Stjórnartíðindum B nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Unnið verður að eftirfarandi verkefnum í leiðangrinum 2018: Almennar athuganir á plöntum og fuglum, kortlagning á útbreiðslu háplantna og landnámi nýrra tegunda, skordýra- og fuglarannsóknir, söfnun og rannsóknir á mosa og fléttum, mælingar á líffræðilegri virkni gróðurs og jarðvegs í föstum mæltreitum og ljósmyndun.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð og gildir leyfið fyrir eftirtalda aðila dagana 16.-19. júlí. Með í för verður starfsmaður friðlandsins Þórdís V. Bragadóttir.

- **Borgþór Magnússon, NÍ, leiðangursstjóri**, almennar athuganir á plöntum og fuglum
- Pavel Wasowicz, NÍ, kortlagning á útbreiðslu háplantna og landnámi nýrra tegunda
- Erling Ólafsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum og fuglum

- Matthías Alfreðsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á skordýrum
- Starri Heiðmarsson, NÍ, söfnun og rannsóknir á útbreiðslu fléttna
- Bjarni D. Sigurðsson, LBHÍ, mælingar á virkni vistkerfa
- Gróa Valgerður Ingimundardóttir, Lundarháskóli, söfnun og rannsóknir á útbreiðslu mosa
- NilsCronberg, Lundarháskóla, söfnun og rannsóknir á útbreiðslu mosa
- Charlie M. Crisafulli, USDA Forest Service, mælingar í gróðurreitum með Borgþóri og almennar samanburðarathuganir
- Matthew Cicanese, náttúru ljósmyndari, ljósmyndun á fléttum og öðrum náttúru fyrirbærum í samvinnu við Starra


Leiðangursmenn skulu gæta þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur, plöntuhlutar og jarðvegur berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins. Er það á ábyrgð leiðangurstjóra að tryggja að allir leiðangursmenn viti af þessu og sjái til þess að það sé gert.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að í Verndar- og stjórnunaráætlun Surtseyjar sem samþykkt var 2014 fer Umhverfisstofnun fram á að þeir vísindamenn og fjölmiðlamenn sem fá leyfi til að heimsækja Surtsey skili niðurstöðum sínum/lokaafurð (skýrslum, greinum og myndefni) án endurgjalds til Umhverfisstofnunar þar sem þær kunna að nýtast til fræðslu og kynningar á friðlandinu. Miða skal við að afhending niðurstaða/lokaafurðar eigi sér stað eigi síðar en ári eftir að ferð er farin. Ef um er að ræða árleg vöktunarverkefni eða rannsóknarverkefni sem stendur yfir í meira en eitt ár skal skila inn framvinduskýrslu árlega.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústdóttir  
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
Sérfræðingur